

**BORGARRÁÐ 11. maí 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðhorfskönnun í Laugardal um þjóðarhöll - MSS23050069**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg kanni viðhorf meðal íbúa og skólasamfélagsins í Laugardal til Þjóðarhallar. Nokkuð ljóst er að sérsambönd og útleiga hafa verið og munu að öllum líkindum vera í forgangi í aðstöðunni. Óbreytt fjármögnunarmódel Laugardalshallar og samrekstur með þjóðarhöll þýðir að íþróttafélögin og skólarnir verða áfram víkjandi notendur húsanna sem er óásættanlegt fyrir samfélagið í Laugardal. Brýnt er að heyra í íbúum í Laugardal og heyra viðhorf þeirra til Þjóðarhallar nú þegar engar vísbendingar eru um að með henni verði aðstaðan fyrir íþróttafélög og skólana í Laugardal færð í ásættanlegt horf til framtíðar. Íþróttafélögin hafa sama og ekkert fengið að koma að undirbúningsvinnunni, aðeins fengið stutt samtal við undirnefnd framkvæmdanefndarinnar (líklega kölluð ráðgjafanefnd í svarinu). Forsvarsfólk íþróttafélaganna er úti í kuldanum í þessari vinnu. Kalla þarf fram viðhorf íbúa, foreldra og barnanna í Laugardal áður en lengra er haldið.